



Innviðaráðuneytið
b.t. skrifstofu húsnæðis- og skipulagsmála
Sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 13. september 2024

Efni: Umsögn um breytingar á reglugerðum á sviði brunavarna


Samtök iðnaðarins („SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar breytingar á reglugerðum á sviði brunavarna og vilja vekja athygli á eftirfarandi atriðum er varða drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnareftirlit (hér eftir „drögin“).

Í 3. gr. draganna er lögð til breyting á 2. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar. Þannig er kveðið á um að skjalfesting á brunaöryggi, sbr. 1.mgr., skuli vera aðgengileg eldvarnareftirliti slökkviliðs, eftir atvikum rafrænt, auk þess sem slökkvilið getur krafist ítarlegri gagna „*sem varða brunaöryggi mannvirkisins, m.a. byggingarleyfis, niðurstaðna úttekta opinberra aðila, gagna um eigið eftirlit og staðfestinga þjónustuaðila.*“ Samtökin benda á að slökkviliðið hefur þegar aðgang að þessum gögnum hjá HMS eða viðeigandi byggingarfulltrúa og því óþarft að gera kröfu um að eigandi eða forráðamaður skili umræddum gögnum.

Þá er með 9. gr. draganna lögð til breyting á 2. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar á þá vegu að ekki verði lengur krafist yfirferðar og staðfestingar slökkviliðs á móttöku skýrslu eldvarnarfulltrúa. Þannig er kveðið á um að skýrslan skuli vera aðgengileg viðkomandi slökkviliði, eftir atvikum rafrænt, án þess að krafist sé yfirferðar, staðfestingar eða athugasemda slökkviliðs, ef einhverjar eru. Samtökin telja umrædda breytingartillögu til þess fallna að draga úr hlutverki slökkviliðs við eldvarnareftirlit og auka líkur á yfirsjónum.

Að öðru leyti gera samtökin ekki frekari athugasemdir við drögin að svo stöddu.

f.h. Samtaka iðnaðarins,


Kristján Daníel Sigurbergsson,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði